



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 21/2017

Sölu- og afhendingarbann á skotkökurnar STORMUR og LITRÍKAR ÞRUMUR frá Stjörnuljós ehf.

I.

Málsmeðferð

1.

Þann 27. desember 2016 fóru þrír fulltrúar frá Neytendastofu á sölustað Stjörnuljósa ehf., að Auðbrekku 17, 200 Kópavogi í þeim tilgangi að afla sýna á skoteldum til þess að senda til prófunarstofunnar LOM (Laboratorio oficial j.m.Madariaga) á Spáni. Tekin voru 12 eintök af STORMUR skotköku (Art. Nr. UN-641), sýni merkt IS-8 og 12 eintök af LITRÍKAR ÞRUMUR skotköku (Art. Nr. U13020), sýni merkt IS-9, sjá myndir í fylgiskjali með ákvörðun þessari. Send voru 10 eintök af hvorri köku um sig til prófunar hjá LOM m.t.t. til staðalsins ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 ö Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni.“ Einu eintaki af hvorri köku fyrir sig var haldið eftir hjá Neytendastofu og eitt eintak af hvorri köku um sig var innsiglað á sölustað Stjörnuljósa til geymslu þar til að prófun væri lokið og prófunarskýrslur borist Neytendastofu frá LOM. Framangreind sýnataka og prófun var þáttur í sameiginlegu átaksverkefni Neytendastofu og Prosafe, sem er samstarfsnet evrópskra stjórnvalda á sviði vöruöryggis. Verkefnið beindist að því að athuga hvort framfylgt væri ákvæðum vopnalaga nr. 16/1998, sbr. lög nr. 77/2015 um breytingar á þeim lögum, svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, reglum settum samkvæmt þeim og stöðlum sem gilda um framleiðslu vörunnar.

Niðurstöður prófananna, sem gerðar voru 7. mars 2017, vegna staðalsins ÍST EN 15957-5:2010 leiddu í ljós að skotkakan STORMUR uppfyllti ekki ákvæði 7.2.9 „burning or incandescent matter“ og að skotkakan LITRÍKAR ÞRUMUR uppfyllti ekki ákvæði 6.4.1 „duration of initial fuse and reserve fuse“ og 7.2.5 „stability during functioning“.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. apríl 2017, voru Stjörnuljósum ehf. kynntar niðurstöður prófananna fyrir ofangreindar skotkökur og óskað eftir frekari sjónarmiðum og upplýsingum vegna þeirra atriða sem þar komu fram. Forsvarsmaður Stjörnuljósa ehf. hafði í kjölfarið samband við Neytendastofu símleiðis og tjáði stofnuninni að þar sem hvorug kakan væri CE-



merkt yrði hvorug þeirra seld aftur um næstu áramót og að það yrði ekki keypt meira af þessari vöru. Óskað var eftir því að sendar yrðu skriflegar athugasemdir vegna málsins.

Engin gögn hafa borist Neytendastofu.

II. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi skotelda sem fluttir voru inn til landsins af Stjörnuljós ehf. Skoteldarnir voru sendir í prófun til prófunarstofunnar LOM (Laboratorio oficial j.m. Madariaga) á Spáni. Niðurstöður prófananna leiddu í ljós að vörunar uppfylltu ekki öryggiskröfur í skilningi vopnalaga nr. 16/1998, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 77/2015, svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og gildandi staðla um flugeldavörur og sprengibúnað, ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 - Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni.“ Í samræmi við málsmeðferðarreglur RAPEX-kerfisins gerði Neytendastofa áhættumatsgreiningu vegna þeirra ágalla sem komu fram á prófunarskýrslu LOM. Niðurstaða greiningarinnar er að „alvarleg hættu“ (e. serious risk) er af vörunum.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998 má einungis selja, framleiða og markaðssetja skotelda sem uppfylla kröfur laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 33 gr. a. laganna er til þess vísað að um skyldur framleiðanda og dreifingaraðila, eftirlit og málsmeðferð fari að öllu leyti eftir ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit og reglum settum samkvæmt þeim.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til



hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.

2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrisjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.

3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.

4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk. “

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru. “

Um skotelda gilda staðlarnir ÍST EN 15957 –1:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 1: Íorð; ÍST EN 15947-2:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 2: Flokkar og tegundir flugelda“; ÍST EN 15957 –3:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 3: Lágmarkskröfur um merkingar“; ÍST EN 15957 –4:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 4: Prófunaraðgerðir“ og ÍST EN 15957 –5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi“.

Í VI. kafla laga nr. 16/1998 eru ítarleg ákvæði um hvernig skoteldar skulu vera merktir en þar kemur m.a. fram að sá sem framleiðir, flytur inn eða verslar með skotelda eigi að sjá til þess að skoteldavörur séu merktar með sýnilegum, læsilegum og óafmáanlegum hætti á íslensku. Auk þessa er kveðið nánar á um merkingar í staðlinum ÍST EN 15957 –3:2010. Á nefnda skotelda vantaði nafn og heimilisfang framleiðanda, vörunúmer, lágmarksaldur notanda og lágmarksfjarlægð frá flugeldinum eftir tendrun.

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu að afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu á vöru, ef ljóst er að hún uppfyllir ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum. Þá er eftirlitsstjórnvaldi heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu á vöru að skylda dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.



2.

Samkvæmt nefndum prófunarskýrslum liggur fyrir að skotkökurnar STORMUR og LITRÍKAR ÞRUMUR stóðust ekki prófanir sem gerðar voru á grundvelli staðalsins ÍST EN 15957-5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 ö Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfni.“ Kom fram að skotkakan STORMUR uppfyllti ekki ákvæði 7.2.9 „burning or incandescent matter“ og að skotkakan LITRÍKAR ÞRUMUR uppfyllti ekki ákvæði „6.4.1 duration of initial fuse and reserve fuse“ og „7.2.5 stability during functioning“.

Með hliðsjón af niðurstöðum prófananna og áhættumatsgreiningum Neytendastofu er ljóst að skotkökurnar STORMUR og LITRÍKAR ÞRUMUR teljast ekki vera öruggar vörur í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, sbr. og gildandi ákvæði vopnalaga nr. 16/1998, með síðari breytingum. Markaðssetning, sala og afhending þeirra er þar með óheimil skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998, sbr. og 2. gr. laga nr. 134/1995. Telur Neytendastofa því með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr. sömu laga, ekki hjá því komist að banna hér með alla sölu og afhendingu á umræddum skotkökum. Þá voru skotkökurnar ekki CE merktar en frá og með næsta sölutímabili skotelda eiga allir skoteldar að vera CE merktir. Auk þess skal Stjórnuljós, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, eyða öllum eintökum varanna og afhenda Neytendastofu skriflega staðfestingu og sönnun þess efnis frá Landhelgisgæslunni.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Tryggja skal eyðingu varanna í samræmi við ákvörðun þessa svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þremur mánuðum frá birtingu hennar.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Stjörnuljós ehf., Auðbrekku 17, 200 Kópavogi, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, sbr. og 3. mgr. 33. gr. a. vopnalaga nr. 16/1998, bannað að selja eða afhenda skotkökurnar **STORMUR** og **LITRÍKAR ÞRUMUR**.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, skal Stjörnuljós ehf. eyða öllum eintökum vörunnar sem kunna að vera til á lager. Stjörnuljós ehf. skal jafnframt senda Neytendastofu skriflega staðfestingu og sönnun um að öllum eintökum vörunnar hafi verið eytt af Landhelgislunni.

Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 6. júlí 2017

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir